

73.fundur Kraftlyftingasambands Íslands var haldinn 7.desember 2016 í húsi ÍSÍ.
Mætt voru Borghildur, Ása, Róbert og Gry.

Þetta gerðist:

- Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
- Landsliðsverkefni 2017

Tillaga landsliðsnefndar samþykkt með fyrirvara um að foreldrar Sóleyjar Jónsdóttur gefi skriflegt leyfi sitt fyrir þátttöku hennar á EM í opnum flokki.
Landsliðsnefnd tilkynnir um valið og semur við keppendur eins og reglur segja til um.

- Landsliðssamningur 2017

Drög samþykkt með fyrirvara um að gert verði ráð fyrir að foreldrar/forráðamenn ólögráða keppenda undirrita samninginn og skuldbindingarnar.

- Samningur við þjálfara

Textinn er í vinnslu og verður lagður fram þegar hann er tilbúinn.

- RIG 2017

Ákveðið að skoða möguleika á að leyfa tveimur keppendum í unglingsflokki að taka þátt í ljósi þess að NM unglinga færir frá Febrúar og fram á haustið.

- Breytingar á reglugerðum

Drög að breytingum á reglum um mótahald lögð fram og samþykkt með fyrirvara um að grein 24.verði útfærð betur. Að því loknu verða reglur birtar á kraft.is og taka þegar gildi.

- Val á kraftlyftingamenn ársins 2016

Fanney Hauksdóttir og Júlían J. K. Jóhannsson voru valin kraftlyftingamenn ársins 2016 í kvenna- og karlaflokki.

Borghildur mun tilkynna þeim það í tölvupósti og tilkynning verður send til ÍSÍ. Maríu verður falið að senda út fréttatilkynningu.

- Önnur mál

Borghildur ræðir við Andra vegna fundar um stefnumótum vegna afreksstyrkja og reynir að fá nýjan fundartíma fyrir KRAFT. Gry kannar stöðu hinna norðurlandasambandanna í tengslum við greiðslur úr afrekssjóðum.

Borghildur upplýsti eftir samtali við Alex að fjárhagsstaða sambandsins er jákvæð um ca 500 000 krónur eftir að búið er að ganga frá greiðslum vegna afreksstyrkja.

Fundarritari Gry Ek